

Reglugjörð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um vita, sjómerki o. fl. **118** 11. júlí 1911, birtist hjermeð til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem 23. sept. hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 23. september 1912.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Staðfesting konungs á reglum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 16. október 1912.

Reglurnar eru þannig:

Reglur

119
16. okt.

um »Gjöf Jóns Sigurðssonar«.

1. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslum stjórnarráðs Íslands, sem annist um að hann ávaxtist.

2. gr.

Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum má verja til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, og annars kostar til þess að styrkja útgáfur slíkra rita, og til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita.

Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmentum þess, lögum, stjórn eða framförum.

3. gr.

Alþingi velur í hvert skifti, er það kemur saman, 3 menn, sem kveða á um, hver njóta skuli verðlaunanna.

4. gr.

Stjórnarráð Íslands semur skýrslu um ástand sjóðsins, og sendir hana til forseta hins sameinaða Alþingis.